

# SVEITAPÓSTURINN



MS fréttir til bænda 2. tbl. 3. árg. febrúar 2007

## Leiðari forstjóra

### Góð sala í janúar

Það er óhætt að segja að árið fari vel af stað fyrir Mjólkursamsöluna og framleiðendur hennar. Alls voru 22 söludagar í janúar síðastliðnum sem er sami fjöldi söludaga og árið 2006. Ferskvörusalan jókst um 2,4% en ostur og viðbit jukust um heil 8,4% frá fyrra ári. Þetta er frábær árangur og ber að þakka því fjölmarga fólk sem vinnur að sölu- og markaðsmálum félagsins sérstaklega fyrir glæsilegan árangur. Þá má benda á að eitt af meginmarkmiðum okkar í Mjólkursamsölunni var að samþetta það sölustarf sem áður fór fram hjá MS, Osta- og smjörsölunni og Norðurmjólk. Í ljósi góðs árangurs í janúar er ljóst að við höfum náð þessu markmiði okkar sem er ákaflega mikilvægt fyrir félagið og félagsmenn þess.

### Umframmjólk

Mikið hefur verið spurt um umframmjólk og hvaða ákvarðanir verði tekna þar að lútandi. Eins og flestir þekkja var strax í upphafi verðlagsársins gefið út að mjólkuriðnaðurinn myndi kaupa 3 milljónir lítra á fullu afurðastöðvaverði til viðbótar við þá 116 milljónir lítra sem er greiðslumarkið fyrir yfirstandandi ár. Góð sala undanfarið, væntingar okkar til útflutningsverkefna og þörf á bætri birgðastöðu gera það að verkum að gerð verður tillaga til stjórnar Mjólkursamsölunnar um að öll umframmjólk á þessu verðlagsári verði keypt á fullu afurðastöðvaverði. Endanleg ákvörðun um tillögum þessa verður tekin þann 19. febrúar næstkomandi.

### Útflutningur mjólkurafurða

Það má segja að það séu spennandi tímar framundan í útflutningi mjólkurafurða. Í Bandaríkjunum höfum við verið að vinna ákveðið þróunarverkefni í samvinnu við Áform og Whole Foods sem lofar góðu. Þangað seljum við smjör, skyr og nokkra sérosta. Útflutningur síðasta árs var umreknaður í mjólk um 200.000 lítrar og höfum við væntingar til þess að í lok þessa árs náum við að afsetja á ársgrunni um 2 milljónir lítra. Þarna skiptir mestu máli útflutningur á skyri sem hefur undanfarið verið um 1,5 tonn á viku en við stefnum í að auka það í 15 tonn á viku í lok þessa árs. Þá eru ákveðin tækifæri framundan í Evrópu en þann 1. mars næstkomandi mun Ísland fá 350 tonna smjörkvota inn til Evrópusambandsins og 380 tonna skyrkvota. Þar með opnast möguleiki að vinna meira inn á þennan markað og ætlum við að athuga með breska markaðinn fyrst áður en við skoðum önnur markaðssvæði. Þá er enn verið að vinna að markaðsmálum í Færeyjum og vonandi að hægt verði að greina frá einhverjum skemmtilegum hlutum þar innan tíðar.

Myndir hér að neðan frá  
stjórnarfundi  
Mjólkursamsölunnar á  
Akureyri 5. feb. sl.



### Deildafundir

Eins og kemur fram á öðrum stað í blaðinu verða deildafundir MS/Auðhumlu haldnir á tímabilinu 12. febrúar til 1. mars 2007. Alls eru það 20 deildir sem leggja grunninn að MS/Auðhumlu en vegna sameiginlegra funda í nokkrum deildum er áætlað að halda alls 15 fundi. Nokkrar breytingar voru gerðar á samþykktum MS/Auðhumlu á síðasta ári sem hafa áhrif á deildafundina. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að einn fulltrúi sé valinn fyrir hverja nýu framleiðendur. Í öðru lagi eru formenn deildanna kosnir beinni kosningu áður en fulltrúarnir eru kosnir.

Fulltrúar MS/Auðhumlu á deildafundunum í ár verða undirritaður, Magnús H. Sigurðsson formaður stjórnar og viðkomandi mjólkurbússtjóri þ.e. Guðmundur Geir Gunnarsson, Páll Svararsson, Sigurður Rúnar Friðjónsson og Sævar Hjaltason. Dagskrá fundanna verður þrípætt. Í fyrsta lagi mun Magnús fara yfir félagsleg málefni og stöðuna í framleiðslunni, viðkomandi mjólkurbússtjóri fer yfir gæðamál og önnur framleiðslutengd málefni en undirritaður kynnir starfsemi Mjólkursamsölunnar og MS/Auðhumlu eftir þær breytingar sem urðu um síðastliðin áramót auk þess að falla um sölu og rekstur síðastliðins árs og kynna helstu verkefni þessa árs.

Í bændakönnun sem við gerðum síðastliðið sumar kom fram áhugi félagsmanna að breyta formi deildafundanna. Í ár munum við því leggja áherslu á stuttar framsögur og gefa þannig meiri tíma fyrir spjall og umræður innan deildanna. Vona ég að þessi ráðstöfun eigi eftir að falla í góðan jarðveg.

Með bestu kveðju,

### Útgefandi MS

Ábyrgðarmaður:  
Guðbrandur Sigurðsson  
Ritstjóri:  
Páll Svararsson, [palls@ms.is](mailto:palls@ms.is)  
Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.  
Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efti má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.



## Mjólkursamsalan – árið byrjar vel

Góð sala var í janúar 2007 í ferskum vörum, smjöri og ostavörum. Salan í fyrsta mánuðinum hjá Mjólkursamsölunni er mjög góð og umfram söluáætlunarir. Heildarsala í magni í ferskvörum var 4.014 þús ltr og var 96 þús ltr meiri en í janúar 2006. Aukning í magni er 2,5%. Nýtt sölumet var slegið í kókómjólk í mánuðinum en söluaukning var 24% í samanburði við janúar 2006.

Osta- og smjörsalan gekk mjög vel í janúar. Heildaraukning var 44 tonn (450.000 lítrar) eða tæplega 9%, sala samtals upp á 550 tonn! Þetta var í takt við almenna aukningu í smásolu sem var mikil í janúar og hefur komið verslunarmönnum á óvart, búist er við rólegum febrúar m.a. vegna vsk.breytingarinnar 1. mars næstkomandi.

Það sem vekur athygli í sölutölu fyrir janúar í osti er 41% aukning (2,2 tonn) í sölu á bræddum osti sem eru 150 gr töfluostar með mismunandi bragðtegundum, vinsælasta tegundin er piparosturinn sem einn og sér var með aukningu upp á 760 kg. Einnig er ánægjulegt að sjá áframhaldandi aukningu í rifnum osti og svo er 19% aukning í Feta osti sem er mikill umsnúningur frá fyrra ári. Söluaukning í smjöri var 18% í magni eða tær 6 tonn.



## Aðalfundir deilda MS AUDHUMLA 2007

| Sameiginlegir fundir |  |
|----------------------|--|
| Stakir fundir        |  |
|                      |  |

|         |            |   |   |
|---------|------------|---|---|
| 12. feb | <b>Mán</b> | Austur- Skaftafellsdeild, Smyrlabjörgum, kl. 13:30  | Skaftárdeild, Hótel Kirkjubæjarklaustri, kl. 20:30                                    |
| 13. feb | <b>Pri</b> | Eyjafjalladeild, og Mýrdalsdeild, Hótel Anna, Moldnúpi, kl. 13:30   |   |
| 14. feb | <b>Mið</b> | Landeyjadeild og Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild, Hlíðarenda Hvolsvelli, kl. 13:30  | Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild, Laugalandi, kl. 20:30                        |
| 15. feb | <b>Fim</b> | Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild og Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild, Biskupstunga-, Laugardals- og Grímsnesdeild. Fundarsalnum MS Selfossi, kl. 13:30 | Hrunamannadeild og Skeiða- og Gnúpverjadeild, Félagsheimilinu Brautarholti, kl. 20:30 |
| 18. feb | <b>Sun</b> | Breiðafjarðardeild, Dalabúð, Búðardal, kl. 14:00  |   |
| 19. feb | <b>Mán</b> |   | Borgarfjarðardeild og Hvalfjarðardeild, Hótel Glym, Hvalfirði, kl 20:30               |
| 20. feb | <b>Pri</b> | V.- Húnablingsdeild, Félagsheimilinu Ásbyrgi, Laugarbakka, kl. 13:30  | A.-Húnablingsdeild Sjálfstæðishúsinu Blönduósi, kl. 20:30                             |
| 21. feb | <b>Mið</b> | Snaefellsnesdeild, Mýrasýsludeild, Hyrnunni Borgarnesi, kl. 13:00   |   |
| 27. feb | <b>Pri</b> | Austurlandsdeild, Gistihúsinu Egilsstöðum, kl. 13:30  |   |
| 28. feb | <b>Mið</b> | Norðausturdeild, Sveinbjarnargerði, tímas. óákv.  |   |
| 1. mar  | <b>Fim</b> | Breiðafjarðardeild Ísafirði- Hótel Ísafjörður kl. 13:00   |   |
| 16. mar | <b>Fim</b> | <i>Aðalfundur MS - Hótel Flúðir, Félagsheimilið Flúðum</i>  |   |

**Þeir sem komast ekki á sína eigin deildafundi, geta sótt aðra deildafundi.**



## Gott að muna

\*\*\*\*\*

### Nýtt símanúmer hjá RM: 569-1689

Þeir sem eru ekki innan skýrsluhaldsins en óska samt eftir því að senda kýrsýni til RM geta haft samband við RM í síma **569-1682 - eða** [rm@sam.is](mailto:rm@sam.is), til að fá senda sýnakassa.

\*\*\*\*\*

### Innkaupadeild

Stofnuð hefur verið innkaupadeild Mjólkursamsölunnar ehf. en tilgangurinn er m.a. að fá yfirsýn yfir öll innkaup hins nýja rekstrarfélags og sameina á einum stað stjórnun og framkvæmd þeirra. Dagleg störf starfsmanna deildarinnar einkennast því af samningagerð og samskiptum við innlenda og erlenda birgja. Mikil samskipti eru einnig við framleiðsludeildir, viðhaldsdeildir og fjármáladeild félagsins. Ennfremur er það eitt af verkefnum starfsmanna Innkaupadeilda að bjóða í tollkvóta landbúnaðarráðuneytisins



vegna erlendra osta og flytja þá inn.

**Starfsmenn eru frá vinstri talið:** Kristjana Bjarnþorsdóttir, Sigurður Mikaelsson innkaupastjóri og Sigríður Hrefna Magnúsdóttir. Deildin heyrir undir Framleiðslusvið.

## Létt Cappuccino og Lét Kakó á markað í nýjum umbúðum

Drykkir eru góður valkostur fyrir breiðan hóp neytenda og uppfylla þörfina fyrir hæfilega stóran skammt af léttum og bragðbættum mjólkurdrykk sem er góður með mat eða einn sér.



**Létt-Cappuccino (0,5%) og Lét-Kakó (1%) eru afar fitulitlir en innihalda þó öll bætiefni mjólkur. Þeir eru tilbúnir til neyslu og eru bestir ískaldir.**



## Breytingar á framleiðslusviði

Miklar breytingar hafa orðið á mörgum svíðum iðnaðarins með tillkomu nýs rekstrafélags, Mjólkursamsölunnar og sameinaðrar starfsemi.

Jón Kristinn Baldursson, fyrrum starfsmaður SAM, tók við starfi sem forstöðumaður framleiðslu og eftirlits á framleiðslusviði. Jón mun veita Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins forstöðu, vera yfirmaður mjólkureftirlitsins, ásamt því að vinna við framleiðslu og birgðastýringu mjólkurbúanna. Hann mun því koma mikið að þáttum sem skipta mjólkurframleiðendur miklu máli. Jón er menntaður mjólkurverkfræðingur frá Landbúnaðarháskólanum á Ási í Noregi og hefur starfað hjá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði í rúm 14 ár.



## MS Akureyri



MS Akureyri er nú starfsstöð innan nýstofnaðs rekstrarfélags Mjólkursamsölunnar.

Mjólkurframleiðendur hjá MS Akureyri eru 170 talsins, þar af 56 í Þingeyjarsýslum. Mikil og merkileg saga er að baki mjólkurframleiðslu og kynbóta á þessu svæði.

Innvegin mjólk til samlagsins er 29,1 milljónir lítra.

Fjórir mjólkurbílar eru í notkun við mjólkurflutningu á svæðinu.

Sextíu og níu starfsmenn vinna við samlagið. Framleiðslusviðin eru smjör og smjörvagerð, skyrgerð, jógúrtgerð, neyslumjólkurþökkun (dagvörur) fyrir Norðausturland, og síðast en ekki síst öflug ostagerð, en um 65% af innveginni mjólk fer til ostagerðar. Önnur hefðbundin starfsemi er til staðar, rannsóknarstofa, verkstæði, sala og dreifing á Norðausturlandi, skrifstofa og öflugt mjólkureftirlit. Nýtt framleiðslustýrakerfi hefur verið sett upp í samlaginu sem auðveldar upplýsingagjöf og eykur rekstraröryggið.

Stjórn Mjólkursamsölunnar ehf. var með sinn fyrsta fund á Akureyri 5. feb. sl. og kynnti sér starfsemi og aðstæður MS Akureyri og átti fund með stjórnendum starfstöðvarinnar

Að sögn Sigurðar Rúnars Friðjónssonar, sem tók við starfi mjólkursamlagsstjóra um síðustu áramót, tekur hann við góðu samlagi, góðu starfsfólk, öflugum mjólkurframleiðendum og segir bjarta framtíð mjólkurframleiðslu á svæðinu.





## Gott að muna

### Mikil mjólk – plássleysi:

Gæta verður að því að ef lokaður mjólkurtankur yfirfyllist getur mjólkin leitað út um þvottalögnina og þá myndast "hivert" (sog) og úr tanknum geta runnið nokkur hundruð lítrar um þvottalögnina, eða þangað til þvottaspíralinn er frír frá yfirborði mjólkurinnar í tanknum.

\*\*\*\*\*

### Framkvæmdir á Selfossi

Byggingaframkvæmdir eru nú hafnar á Selfossi í tengslum við flutning mjólkurvinnslu frá Reykjavík til Selfoss.

Framkvæmdir innanhúss sem tengjast auknum afköstum í mjólkurmóttöku og afkastaunkingu CIP þvottakerfis fyrir mjólkurbíla, hófust fyrir nokkrum mánuðum og sum þessara verkefna eru komin vel á veg.



Fyrsta skrefið í byggingaframkvæmdum er að byggja nýtt bíla- og tankaverkstæði en eldri verkstæðisbyggingar verða að víkja fyrir nýrri þókkunarstöð.

Verkstæðisbyggingin verður staðsett norðan við vinnsluhúsini í nánd við hreinsistöðina. Byggingin verður u.p.b. 700 ferm. og verður búin öllum helstu tækjum og aðstöðu sem tilheyrir nútímalegum vinnubrögum við rekstur verkstæðis af þessari gerð. Skóflustungan var tekin þann 17. janúar. Meðfylgjandi mynd var tekin þá.



## Mjólkursamlag KS Sauðárkróki

Kaupfélag Skagfirðinga er aðili að nýja rekstrarfélaginu Mjólkursamsölunni og er Mjólkursamlag KS með í sameiginlegu skipulagi, framleiðslustýringu og öllu sem máli skiptir varðandi ábyrgð, afkomu, greiðslur til mjólkurframleiðenda og afkomuskiptingu mjólkurbúanna.

Mjólkursamlagið á Sauðárkróki er í hópi fyrstu mjólkursamlaga á landinu. Mjólkurframleiðendur eru 58 og innvegin mjólk á ári eru tærir 11 millj. lítra. Mikil aukning á greiðslumarki hefur orðið í héraðinu á liðnum árum og mjólkurframleiðendur í Skagfirði hafa verið stórhuga. Á svæðinu er 13 mjaltaþjónar og fleiri væntanlegir.

Framleiðslusvið mjólkursamlagsins eru súrmjólkurgerð, mjólkurþökkun (á dagvörum), smjör og smjörvagerð og svo stærsti framleiðsluþátturinn, ostagerðin sem mjólkursamlagið er þekkt fyrir. Árleg ostaframleiðsla er um 1.000 tonn. Önnur starfsemi er rannsóknarstofa og sala og dreifing á mjólkurvörum á svæðinu. Starfsmenn samlagsins eru 14 talsins. Í notkun eru 2 mjólkurbílar. Að sögn Snorra Evertssonar mjólkursamlagsstjóra er hugur í mjólkurframleiðendum og unnið er markvisst að áframhaldandi mjólkurframleiðslu og uppbyggingu landbúnaðar í héraðinu.



Snorri Evertson hefur verið mjólkursamlagsstjóri á Sauðárkróki frá árinu 1982.

## Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2006-2007

| MS sept-janúar:      | 2006-2007   | 2005-2006   | Mismunur  | Hlutfall |
|----------------------|-------------|-------------|-----------|----------|
| Samtals:             | 47.319.846  | 42.515.595  | 4.804.251 | 11,30%   |
| Greiðslumark         | 116.000.000 | 111.000.000 | 5.000.000 | 4,50%    |
| Nýting greiðslumarks | 40,79%      | 38,30%      |           |          |

| MS janúar | 2007       | 2006      | Mismunur | Hlutfall |
|-----------|------------|-----------|----------|----------|
| Samtals:  | 10.489.962 | 9.616.549 | 873.413  | 9,08%    |

### Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

| MS síðustu 5 vikur: | 2007       | 2006       | Mismunur | Hlutfall |
|---------------------|------------|------------|----------|----------|
| 1                   | 2.156.019  | 2.142.661  | 13.358   | 0,62%    |
| 2                   | 2.338.455  | 2.150.333  | 188.122  | 8,75%    |
| 3                   | 2.354.198  | 2.159.198  | 195.000  | 9,03%    |
| 4                   | 2.385.288  | 2.193.164  | 192.124  | 8,76%    |
| 5                   | 2.417.878  | 2.210.022  | 207.856  | 9,41%    |
| Samtals:            | 11.651.838 | 10.855.378 | 796.460  | 7,34%    |